

Til sjávar

1. tbl 3. árg. apríl 1999

Líkantilraunir á Vopnafjarðarhöfn

Náið samstarf með heimamönnum

Eitt af stærstu verkefnum á hafnaáætlun 1999-2002 er bygging loðnulöndunarbyggju ásamt skjólgarði og dýpkun á Vopnafirði. Tilraunum í líkanstöð Siglingastofnunar er nýlega lokið og niðurstæða liggur fyrir.

Líkantilraunir fyrir Vopnafjarðarhöfn hófust síðastliðið sumar og hafa staðið með nokkrum hléum allt fram í apríl 1999. Margar tillögur hafa verið reyndar á þessum tíma. Sú tillaga sem mest hefur verið unnið út frá og endanlegar niðurstöður byggja á er gerð löndunarbyggju með skjólgarði frá svonefndri Síldarbyggju yfir í Friðarsker og í átt að Ásgarði með viðlegu með landi (sjá teikningu bls. 5). Aðrar tillögur sem hafa verið reyndar er gerð löndunarbyggju sunnan Síldarbyggju og með aðkomu sunnan frá, innan Skipbólma. Að síðustu var tillaga um viðlegukant austan og norðan smábátahafnarinnar.

Mikill fjöldi gesta komið

Í þessari vinnu hefur verið mjög náið samstarf með heimamönnum eins og alltaf þegar líkantilraunir á hafnar-mannvirkjum standa yfir. Að sögn Baldurs Bjartmarssonar, verkfræðings hjá Siglingastofnun, hafa Vopnfirðingar verið mjög áhugasamir um þessar rannsóknir. Margir hafa komið við í Kópavoginum ýmist gagnert eða þegar þeir hafa átt leið um. Margir sérfræðingar hafa verið kallaðir til ráðgjafar, t.d. skipstjóri á togara Vopnfirðinga sem og skipstjórar á strandferðaskipum. Fulltrúar í hafnarstjórn og hrepps-nefnd hafa sömuleiðis komið og gefið góð ráð.

Fyrir utan heimsóknir heimamanna hafa vel á þriðja þúsund Íslendingar litið líkanið augum. Í nóvember 1998 var opið hús hjá stofnuninni og þar mættu hátt í 2000 manns auk fjölda annarra gesta sem hafa komið til stofnunarinnar í kynnisferðir.

Niðurstöður kynntar

Í febrúar sl. fóru fulltrúar Siglinga-stofnunar til Vopnafjarðar til að kynna stöðu mála í rannsóknum. Haldnir voru fundir með hafnarstjórn og hreppsnefnd. Auk þess var haldinn almennur borgarafundur sem var mjög vel sóttur. Á þessum fundum kom skýrt fram að meðal áhugasamra Vopnfirðinga voru mjög ólíkar hugmyndir uppi um lausnir.

Líkantilraunum var haldið áfram

í kjölfarið og frekari athuganir gerðar. Af niðurstöðum þeirra athugana hefur stofnunin ákveðið að leggja til að farið verði í ákveðna útfærslu af tillögu sem fjallað er um hér að framan.

Heildarkostnaður við þessa framkvæmd yrði um 360 m.kr. og ljóst að hafnaáætlun 1999-2002 gerir ekki ráð fyrir svo umfangsmikilli framkvæmd enda er tillaga um skjólgarð frá Miðhólma ekki í upphaflegri áætlun. Vopnafjarðarhreppur mun leitast við í framhaldinu við að fá breytingar á áætluninni við næstu endurskoðun og þannig tryggja að þessi lausn geti orðið að veruleika.

Fyrsti hluti verksins, dýpkun hafnarinnar, hefur verið boðinn út.

Frá forstjóra

Framtíðarskipan hafnamála

Framtíðarskipan hafnamála er nú mjög í deiglu hér á landi og kemur þar margt til. Undanfarin ár hefur löggjafinn markvisst unnið að því að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og jafnframt hefur hann stuðlað að aukinni samkeppni í efnahagslífinu með því að afnema samræmdar gjaldskrár, setja samkeppnisreglur og skýrar reglur um rekstur hins

opinbera í samkeppni. Hingað til hefur þetta lítið snert hafnirnar en nú bendir ýmislegt til breytinga.

Viðskiptavinir hafa gert athugasemdir við uppbyggingu gjaldskrár hafnanna og réttmæti þess að hún sé samræmd fyrir allt landið. Síðastliðið ár hefur stefnumótun (grænbók) Evrópusambandsins í hafnamálum verið til umræðu en þar er meðal annars komið inn á gjaldtöku fyrir afnot af hafnarmannvirkjum, fyrirkomulag ríkisstyrkja og lagt til að reglur um þjónustu í höfnum verði samræmdar. Þá hefur Evrópusambandið lagt áherslu á að auka sjóflutninga og þar með mikilvægi hafnanna og efla þannig umhverfisvænan flutningsmáta.

Í framhaldi af ályktun ársfundar Hafnasambands sveitarfélaga síðastliðið haust skipaði samgönguráðherra tvær nefndir snemma á þessu ári til að gera tillögur í þessum efnum. Í nefndunum sitja fulltrúar ráðuneytisins og Hafnasambandsins og skal önnur nefndin fjalla um gjaldskrármál og hin um framtíðarskipan hafnamála. Nefndirnar fara væntanlega yfir þau atriði sem sett voru fram í ályktun Hafnasambandsins og má þar nefna:

- 1) Leikreglur um samskipti ríkis og sveitarfélaga hvað varðar fjármögnun framkvæmda og ákvörðun gjaldskrár.
- 2) Flokkun hafna eftir fjárhagslegri getu.
- 3) Reglur um hvernig styðja skuli litlar hafnir sem ekki hafa tekjur eða aðrar forsendur til að standa undir rekstri eða nýframkvæmdum.
- 4) Samræmingu gjaldtöku milli mismunandi flutningsmáta.

Hér er vandasamt verk að vinna en vonandi tekst að koma fram með tillögur sem taka fullt tillit til séríslenskra aðstæðna, þ.e. byggðasjónarmiða og fjölda lítilla fiskihafna í dreifðum byggðum. Tillögur sem jafnframt verða að taka mið af stefnumótun Evrópusambandsins.

Ráðgjafarastörf erlendis Unnið við ráðgjöf í Noregi og Namibíu



Siglingastofnun vinnur um þessar mundir að ráðgjöf í Noregi og Namibíu á sviði hafnamála. Í Noregi er unnið að hönnun brimvarnargarðs við Sirevåg á vesturströndinni. Fulltrúar Kystverket í Noregi hafa komið hingað til lands nokkrum sinnum og komist að raun um að lausnir stofnunarinnar í hönnun brimvarnargarða hentar þeim. Í apríl mun Siglingastofnun skila tillögum um verkið og verður fjallað nánar um þær síðar.

Tildrög verkefnisins sem Siglingastofnun kemur að við Walvis Bay í Namibíu eru þau að fulltrúar stjórnvalda í Namibíu voru hér á landi þegar unnið var við líkantilraunir af Hornafjarðarósi. Vandamál sem Hornfirðingar glímdu við í ósnum eru svipuð þeim sem Namibíumenn eiga við. Óskuðu þeir því í framhaldi eftir aðstoð Íslendinga og Siglingastofnunar. Í mars sl. héldu tveir starfsmenn Siglingastofnunar til Namibíu til að skoða aðstæður. Lögð var upp áætlun um gagnasöfnun og rannsóknir til að meta umfang vandans. Gerðar verða dýptarmælingar, jarðtækniupplýsingum safnað og loftmyndir teknar. Framhald málsins ræðst síðan á grundvelli þessarar athugunar.

Áhersla á gæðamál



Nýtt skipurit Siglingastofnunar tók gildi þann 26. mars sl. en um hríð hefur stofnunin unnið að stefnumótunarvinnu í samvinnu við VSÓ. Helstu breytingar frá fyrra skipuriti eru þær að embætti gæðastjóra Siglingastofnunar var sett á fót. Með því vill stofnunin leggja aukna áherslu á gæðamál á öllum sviðum stofnunarinnar. Sigurbergur Björnsson, fjármálastjóri Siglingastofnunar, hefur tekið við embætti gæðastjóra.

Aðrar breytingar eru m.a. þær að efla á starfsemi skoðunarsviðs á landsbyggðinni. Skoðunarsviði er ekki lengur skipt formlega upp í tækni-og eftirlitsdeild og verkaskipting milli sviða er gerð skýrari.

Rekstur Siglingastofnunar 1998

Velta Siglingastofnunar um 422 m.kr.



Velta Siglingastofnunar 1998 nam 422 m.kr. Þar af voru sértekjur stofnunarinnar 123 m.kr. Framlag á fjárlögum nam 296 m.kr. sem skiptist í 131 m.kr. sem voru fjármagnaðar af mörkuðum tekjustofnum (vitagjald 72 m.kr. og skipagjald 59 m.kr.) og 165 m.kr. sem voru fjármagnaðar af ríkissjóði. Loks var um 3 m.kr. af höfuðstól stofnunarinnar ráðstafað til rekstrarins, einkum til afmarkaðra verkefna. Hér að neðan má sjá nánari sundurliðun rekstrarins eftir verkefnum.

Rekstrarreikningur 1998

Tekjur	Almennir viðskiptamenn	Af fjárlögum	Tekjur samtals
Ýmsar tekjur, bókhaldsþjónusta, þóknun, vaxtatekjur ofl.	14	-	14
Vítar og leiðsögukerfi, rekstur og stofnkostnaður.	12	110	122
Rannsóknir	-	39	39
Yfirumsjón og umsjón með framkvæmdum	51	-	51
Áætlanir og hagrænar áætlanir	-	14	14
Upplýsingamiðlun	-	14	14
Stjórnvaldsverkefni	1	17	17
Erlend samskipti	-	9	9
Skipaverkefni	8	25	33
Skoðunarsvið	29	77	106
Véla og tækjaleiga	7	-	7
Hafnabótasjóður	1	-	1
Tekjur samtals	123	296	419
Af höfuðstól	-	-	3
Alls	-	-	422
Gjöld			Gjöld
Launakostnaður			247
Önnur gjöld			146
Stofnkostnaður - vítar			19
Annar stofnkostnaður			10
Af höfuðstól	-	-	422

Úthlutun Hafnabótasjóðs á móti fjárveitingu 1999

Höfn	Styrkheimild	Lánv.heimild
Grundarfjörður	5.250	5.250
Stykkishólmur	2.400	2.350
Vesturbyggð	150	0
Tálknafjörður	0	0
Ísafjarðarbær	21.800	6.650
Dranganes	2.400	0
Hólmavík	1.850	1.800
Hafnasamlag Eyjarfjarðar	14.550	10.000
Grímsey	200	0
Húsavík	2.150	0
Kópasker	0	450
Bakkafjörður	100	0
Vopnafjörður	6.050	0
Stöðvarfjörður	1.000	600
Breiðdalsvík	200	0
Höfn í Hornafirði	0	16.400
Vestmannaeyjar	0	9.850
Grindavík	0	700
Sandgerði	5.450	0
Samtals	63.550	77.250

Stuttar fréttir

Sjóvarnaáætlun 2000-2003

Samkvæmt nýlegri skýrslu Siglingastofnunar um sjóvarnir þarf um 340 m.kr. til að ljúka fyrirbyggjandi verkefnum. Stofnunin hefur gert tillögu um að gerð verði áætlun til fjögurra ára fyrir sjóvarnir, árin 2000-2003, og að hún verði tilbúin fyrir næsta haust.

Umsókn um fulla aðild

Fyrir hönd Íslands hefur Siglingastofnun sótt um fulla aðild að Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit. Umsóknin verður tekin fyrir í maí nk. og ef hún uppfyllir skilyrði samkomulagsins mun aðild Íslands öðlast fullt gildi um mitt ár 2000.

Ný skýrsla

Siglingastofnun hefur gefið út skýrslu um fyrirhugaðar framkvæmdir í Vopnafjarðarhöfn og niðurstöður líkantilrauna í því sambandi. Höfundar skýrslunnar eru þau Sigurður Sigurðarson, Baldur Bjartmarsson og Ingunn Erna Jónsdóttir. Skýrslan er númer 5 í skýrsluröð Siglingastofnunar.

Nýir starfsmenn

Nokkrir nýir starfsmenn hafa gengið til liðs við Siglingastofnun sl. mánuði. Í desember kom Steingrímur Hauksson, vélaverkfræðingur, til starfa á skoðunarsviði. Í janúar sl. kom Sigurður Jónsson, skipstjóri, einnig til starfa á skoðunarsviði. Í sama mánuði kom Ómar Kristmannsson, skipstjóri, til starfa á vitasviði. Hafnasviði bættist liðsauki í febrúar þegar Guðmundur Jónasson, byggingaverkfræðingur, hóf störf hjá stofnuninni. Loks hóf Svava Kristinsdóttir störf á skrifstofusviði í mars.

Handbók lyfjakistu skipa

Í janúar sl. leit dagsins ljós ný útgáfa af handbók lyfjakistu skipa sem gefin er út skv. reglugerð nr. 365/1998 um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum. Um tvenns konar útgáfu er að ræða. Annars vegar fyrir báta undir 15 m og hins vegar fyrir skip stærri en 15 m. Vakin er athygli útgerða á því að verða sér úti um þessa nýju útgáfu hafi þær ekki gert það nú þegar. Handbókina er hægt að fá afgreidda í lyfjabúðum um allt land.

Nýskráðum skipum fer fjölgandi í ár



- en flotinn hefur minnkað undanfarin ár

Á síðastliðnu ári varð liðlega 10% aukning í eigendaskiptum (umskráningum) á bátum og skipum. Árið 1998 áttu eigendaskipti sér stað í 500 tilvikum samanborið við 453 árið 1997. Þegar litið var til fyrstu fjögurra mánaða ársins 1998 stefndi í verulega aukningu á umskráningum fyrir árið í heild sinni en heldur dró úr þeim á síðari hluta ársins. Fyrsti þrjá mánuði 1999 voru umskráningar alls 137 og stefna því í að verða svipaðar og árið á undan.

Nýskráningar hafa verið óvenju margar á fyrsta ársfjórðungi 1999 eða 18 og virðist ekkert lát á þeim að sögn Steindórs Árnasonar hjá Siglingastofnun. Mikið er að gera í skipasmíðastöðvum og er það mat Steindórs að nýskráningum muni fjölga verulega frá fyrra ári. Allt árið 1998 voru nýskráningar 49 og 41 árið 1997. Afskráningar hafa verið fáar það sem af er árinu eða 8. Á síðasta ári var hins vegar gert átak í að taka skip, sem ekki höfðu verið skoðuð árum saman, af skrá og var heildarfjöldi afskráninga 182 á síðasta ári. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar fyrir þetta ár.

Um 40% aukning í útgáfu mælibréfa

Heildarfjöldi útgefna mælibréfa og skrásetningarskírteina árið 1998 var 776 samanborið við 557 árið 1997 sem er aukning um rúmlega 39%. Útgefin þjóðernisskírteini árið 1998 voru 141 en 1997 voru gefin út 106 skírteini og er því um 33% aukningu að ræða.

Aukningin í útgáfa mælibréfa og skrásetningarskírteina ásamt útgáfu þjóðernis-skírteina ber vott um aukna nýliðun, tíð eigendaskipti og miklar breytingar á íslenska skipaflotanum á síðasta ári.

Aukningin virðist ekki halda áfram á þessu ári því á fyrsta ársfjórðungi 1999 hafa aðeins verið gefin út 111 mælibréf og skrásetningarskírteini og 24 þjóðernisskírteini.

Skip og bátar í einni skrá

Á hverju ári gefur Siglingastofnun út skrár yfir öll skráð þilfarsskip og opna báta miðað við 1. janúar. Að þessu sinni voru skrárnar sameinaðar í einu riti: Skrá yfir íslensk skip og báta 1999.

Um sl. áramót voru 2.351 skip á skrá Siglingastofnunar Íslands en voru 2.484 árið 1998. Heildarfækkun í flotanum er því 133 skip. Stóran hluta þessarar fækkunar má skýra með átaki í afskráningum sem getið er hér að framan. Í þessu átaki voru 24 þilfarsskip og 60 opnir bátar teknir af skrá. Í brúttótonnum (BT) talið minnkar flotinn um 6.935 tonn milli ára, var 249.341 BT árið 1998 en er nú 242.406 BT.

Þilfarsskipum fækkar um 23 og í brúttótonnum (BT) minnkar flotinn um tæp 7.000 tonn. Opnum bátum fækkar verulega eða um 110. Engu að síður mælist aukning í brúttótonnum um 46 tonn. Ástæðan er sú að á árinu 1998 voru skráðir nýir prammar sem mældust yfir 400 brúttótonn.

Skipum í flokki fækkar

Skip sem eru skráð hjá viðurkenndum flokkunarfélögum og eru undir eftirliti þeirra hefur fækkað undanfarin ár. Árið 1997 voru þau 178, fækkaði í 166 árið 1998 og nú 1. janúar 1999 voru þau samtals 159 eða tæp 17% af þilfarsskipum á skrá.

Elsta þilfarsskipið á skrá er Baldur VE-24, smíðaður 1930. Elsti opni báturinn á skrá er Síldin SH-650, sem var smíðaður árið 1860. Meðalaldur íslenskra þilfarsfiskiskipa er um 21 ár.

Flest fiskiskip á Vestfjörðum

Þegar skoðuð er skipting á landshluta þá kemur í ljós að flest skip og bátar eru á höfuðborgarsvæðinu og munar þar mestu um að stærstu hluti skemmtibáta er á því svæði. Flest fiskiskip eru á Vestfjörðum. Mest fjölgun milli ára er á Suðurlandi en fækkun í

skipaflotanum er helst að finna á Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu eins og súluritið hér að neðan ber með sér.

Niðurstöður líkantilrauna

Ný loðnulöndunarbyggja á Vopnafirði

Hér að neðan er lýst þeim tilraunum sem gerðar voru í líkanstöðinni



Megintillagan

Löndunarbyggja með skjólgarði frá svonefndri Síldarbyggju yfir í Friðarsker og í átt að Ásgarði með viðlegu með landinu. Ölduhreyfing við viðlegukant var mæld og borin saman við mælingar á hreyfingu við Ásgarð og reyndust þær svipaðar. Jafnframt kom fram að með 60 m styttingu á garðinum jókst hreyfing verulega. Þá voru reyndar ýmsar útfærslur á ytri skjólgörðum til að ná skjóli fyrir viðlegukant milli Síldarbyggju og Miðbyggju.

Það sem helst var fundið að þessari tillögu voru þrengsli við að sigla að og frá nýja viðlegukantinum. Einnig höfðu menn áhyggjur af því að skjólgarðurinn þrengdi að siglingu skipa inn að Ásgarði. Í framhaldi af þessu voru fengnir skipstjórar togara og strandferðaskipa til að meta siglingu um höfnina. Niðurstaða þeirrar vinnu var að nauðsynlegt væri að snúa enda garðsins inn og stytta garðinn um 17 -18 metra. Með snúningi garðsins var endi hans mitt á milli Miðhólma og Miðbyggju og þannig náðist stærsti mögulegi snúningsradius. Að mati skipstjóra strandferðaskipanna er hægt að taka höfnina eftir þessa breytingu á allt að 80 m löngu skipi.

Tvær legur viðlegukants

Unnið hefur verið með tvær legur viðlegukants í þessari útfærslu, fyrst innan á garði og síðar við loðnuverksmiðjuna.

Báðar útfærslurnar uppfylla kröfur um kyrrð í viðlegu og löndun, en þó er hreyfing togara meiri en við Ásgarð Síðari útfærslan hefur ýmsa kosti fram yfir hina, eins og meiri nálægð við verksmiðju, betra svigrúm fyrir aðkomu og brottför skipa og þá eru rýmri möguleikar á að lengja kantinn í síðari tillögunni. Skjólgarðar samkvæmt þessum útfærslum hafa það umfram aðrar tillögur að þeir veita algjört skjól fyrir suðvestan vindi og öldu.

Ófullnægjandi kyrrð

Kannað var hvernig myndi reynast að dýpka rennu í -7,5 m með aðkomu sunnan frá, innan Skipphólma, og snúningssvæði við byggju. Bryggja var staðsett sunnan við og utan á Síldarbyggju. Þessar tillögur uppfylltu ekki kröfur um kyrrð við kant. Prófanir á ýmsum skjólgörðum skiluðu heldur ekki árangri.

Einnig voru athuguð áhrif lokunar milli garðaenda innan Miðhólma á hreyfingar togara við Ásgarð og reyndust þær minnka.

Mælingar á hreyfingum við viðlegukant austan og norðan smábátahafnar skiluðu ekki viðunandi niðurstöðum.

Niðurstaða fæst

Í síðasta hluta tilraunanna var leitað leiða til að auka kyrrð í norðurhluta hafnarinnar og auka öryggi í innsiglingu inn á bæði hafnar-svæðin. En innsiglingin til Vopnafjarðar er með erfiðustu innsiglingum á landinu. Með um 50 m löngum garði frá Miðhólma nær samsíða innsiglingalínunni náðist mun meiri kyrrð bæði í Friðarskershöfn og í norður-hluta hafnarinnar. Einnig náðist fram gott skjól og ölduhæð varð mun minni í innsta hluta innsiglingarinnar, sem er annar erfiðasti hluti leiðarinnar inn að höfn. Skjólíð sem garðurinn veitir eykur því öryggi við aðkomu að hafnarsvæðunum og gerir kleift að stytta Friðarskersgarðinn án þess að hreyfing í viðlegu þar fari yfir mörk. Með þessum framkvæmdum fá stærri skip meira svigrúm við komu og brottför.

Tillaga Siglingastofnunar

Siglingastofnun mælir með því að megintillagan sem getið er hér að framan að viðbættum stuttum skjólgarði frá Miðhólma sé valin. Þeir þættir sem mæla með þessari tillögu eru gott skjól í viðlegu við verksmiðju með skipshreyfingar innan marka, möguleikar á lengingu viðlegukants og betri nýtingu Miðbyggju. Enn fremur næst skýling á innri hluta innsiglingar og aukin kyrrð í norðurhöfn. Heildarkostnaður við þessa framkvæmd væri um það bil 360 m.kr.

Aðrar tillögur

Lagt er til að endi skjólgarðs verði lýstur upp og einnig Ásgarður á móti garðenda. Til að auðvelda skipum siglingu að og frá höfninni er lagt til að sett verði upp upplýsingakerfi fyrir veður og sjólag.

Niðurstöður útboða

Lægstu tilboð undir kostnaðaráætlun

Dags.	Heiti útboðs	Kostn.áætl.	Lægsta tilboð	%	Verktaki m. lægsta tilboð	Fj. tilb.
14.01.99	Borprammi		1.497.980		Vélsmiðjan Orri	3
04.02.99	Grindavík - Dýpkun innsiglingar,	456.440.000	403.786.660	88	Skanska Dredging	3
16.02.99	Eskifjörður - Hafskipakantur, stálþil	41.445.250	30.930.840	75%	Guðlaugur Einarsson, Hafnarfirði	4
16.03.99	Raufarhöfn - Löndunarbyggja, stálþil	16.860.395	14.811.706	88%	Gáma- og tækjaleiga Austurlands	3
18.03.99	Reykjanesbær/Vogar - Sjóvarnir	7.034.000	4.179.465	59%	S.E.E.S. ehf.	4
06.04.99	Ísafjörður - Dýpkun innsiglingar	41.784.460	22.852.934	55%	Björgun ehf	3

Skipan nefnda

Í febrúar sl. var skipað í tvær nefndir varðandi málefni hafna. Önnur nefndin á að fjalla um framtíðarskipan hafnamála. Formaður hennar er Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Akureyri. Aðrir í nefndinni eru Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, Hermann Guðjónsson, forstjóri Siglinga-stofnunar, Gísli Gíslason, bæjarstjóri, Akranesi og Brynjar Pálsson, formaður hafnarstjórnar, Sauðárkróki.

Hin nefndin á að fjalla um gjaldskrármál hafna. Formaður þeirrar nefndar er Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu. Aðrir nefndarmenn eru Sigurbergur Björnsson, Siglingastofnun, Dórothea Jóhannsdóttir, sjávar-útvegsráðuneytinu, Ólafur M. Kristinsson, hafnarstjóri Vestmannaeyjum, og Hannes Valdimarsson, hafnarstjóri, Reykjavík.

Siglingar skipa með hættulega varning

Frá febrúar 1998 hefur verið starfandi nefnd sem á að móta reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulega varning inn í íslenska efnahagslögsögu. Reglurnar eiga einnig að ná til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi.

Formaður nefndarinnar er Gísli Viggósson, Siglingastofnun. Aðrir nefndarmenn eru Haukur Már Stefánsson, Eimskip, Jón Ólafsson, Hafrannsóknastofnun, Gunnar Karl Guðmundsson, Skeljungji, Helgi Hallvarðsson, Landhelgisgæslunni, Davíð Egilsson, Hollustuvernd ríkisins, og Ingvar Friðriksson, skipstjóri á Kyndli. Starfsmaður nefndarinnar er Rúnar Guðjónsson, samgönguráðuneytinu.

Fjallað verður um störf þessara nefnda síðar í fréttabréfinu.

Mörg nýja laga-og reglugerðarákvæði líta dagsins ljós

Dags.	Heiti	Nr.	SO1 nr	Gildistaka
18.08.98	Reglugerð um innflutning, sölu og uppsetningu á GMDSS fjarskiptabúnaði í skip	513/1998	2.2.3.6	18.08.98
10.11.98	Reglugerð um breytingu á reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa nr. 295/1994	665/1998	2.2.3.4	10.11.98
10.11.98	Reglur um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 m	693/1998	2.2.1.2	10.11.98
19.11.98	Reglugerð um tilkynningarskyldu skipa sem flytja hættulegan varning	710/1998	6.2.9	6.2.9
10.12.98	Auglýsing um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta	744/1998	2.2.3.1	10.12.98
14.12.98	Reglugerð um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum	785/1998	2.2.5.16	14.12.98
14.12.98	Reglugerð um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum	786/1998	2.2.5.17	14.12.98
26.01.99	Reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.,	61/1999	9.2.5	01.02.99
04.02.99	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit	97/1999	2.2.5.12	04.02.99
05.02.99	Reglugerð um björgunarbáta sem gerðir eru út frá landi	123/1999	2.2.1.9	05.02.99
24.02.99	Reglugerð um breytingu á rg. nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósneyðandi kælimiðlum...	137/1999	4.2.10	24.02.99
25.02.99	Reglugerð um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grundartangahöfn nr. 214/1980	168/1999	9.2.2-02	25.02.99
10.03.99	Reglugerð um halonslökkvikerfi	187/1999	2.2.3.8	10.03.99
08.03.99	Auglýsing um hafnaáætlun 1999-2002	8/1999	9.10.1	08.03.99
18.03.99	Lög um opinberar eftirlitsreglur	27/1999	19.1.9	30.03.99
18.03.99	Lög um breytingar á lögum nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna með síðari breytingum	28/1999	7.1.2	30.03.99
19.03.99	Lög um breytingar á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa nr. 40/1977 með síðari breytingum	39/1999 6.1.3	6.1.3	30.03.99
22.03.99	Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998	59/1999	4.1.5	22.03.99

Kynning á starfsmönnum

Fjölbreytt flóra starfsmanna Siglingastofnunar

Frá því að Til sjávar hóf göngu sína í september 1997 hafa starfsmenn stofnunarinnar verið kynntir jöfnum höndum í fréttabréfinu. Í þessu tölublaði eru nokkrir starfsmenn til viðbótar kynntir til sögunnar. Á ársbyrjun 1999 störfuðu 83 starfsmenn hjá Siglingastofnun. Flestir starfa í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Kópavogi en einnig eru starfandi skoðunarmenn í umdæmum um allt land sem og starfsmenn í vitajónustu.

Birgir Tómas Arnar, tæknifræðingur á hafnasviði.

Fæddur 29. desember 1965 í Reykjavík. Stúdent frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti 1987. Lauk BSc prófi í byggingatæknifræði frá Tækniskóla Íslands 1992. Starfaði hjá Byggingarfulltrúanum í Reykjavík frá 1994 til 1997. Kom til starfa hjá Siglingastofnun 1. febrúar 1997. Kona Birgis er Guðrún Þóra Garðarsdóttir, verkfræðingur, og eiga þau tvo syni.



Guðmundur Jónasson, verkfræðingur á hafnasviði.

Hann er fæddur í Reykjavík 11. júlí 1960. Guðmundur lauk bygginga-
verkfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1984 og MSc prófi í verkfræði frá DTH í
Kaupmannahöfn 1986. Hann starfaði áður á VSB Verkfræðistofu í Hafnarfirði en
kom til starfa hjá Siglingastofnun í febrúar 1999. Guðmundur er kvæntur Hönnu
Ingibjörgu Birgisdóttur, svæfingahjúkrunarfræðingi, og eiga þau tvo syni.



Rannveig Sveinbjörnsdóttir, tækniteiknari á hafnasviði.

Fædd í Reykjavík 20. september 1952. Hún lauk námi í tækniteiknun frá
lönskólanum í Reykjavík. Hóf störf hjá Vita-og Hafnamálastofnun, 1981.
Rannveig er gift Páli Valdimarssyni, rafveituvirkja, og eiga þau eitt barn. Fædd í
Reykjavík 20. september 1952. Hún lauk námi í tækniteiknun frá lönskólanum í
Reykjavík. Hóf störf hjá Vita- og Hafnamálastofnun, 1981. Rannveig er gift Páli
Valdimarssyni, rafveituvirkja, og eiga þau eitt barn.



Ingunn Erna Jónsdóttir, verkfræðingur á hafnasviði.

Ingunn lauk byggingaverkfræðiþrófi frá Háskóla Íslands 1987 og MSCE prófi frá University of Washington 1989. Hún kom til starfa hjá Vita- og Hafnamálastofnun 1990. Ingunn er gift Jónasi Þór Snæbjörnssyni, verkfræðingi, og eiga þau tvö börn.



Sigurður Sigurðarson, verkfræðingur á hafnasviði.

Hann er fæddur þann 12. júlí 1956 í Reykjavík. Sigurður lauk prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands 1980 og meistaraþrófi frá DTH í Kaupmannahöfn 1982. Vann sem verkfræðingur hjá Asbjörn Habberstad A/S við Odense Stálskipsværft í Danmörku 1982-1984. Kom til starfa hjá Vita- og Hafnamálastofnun 1984. Sigurður er kvæntur Hrönn Sævarsdóttur, innanhússarkitekt, og eiga þau þrjú börn.



Aðalheiður Þóra Sigurðardóttir, starfsmaður í bókhaldi á skrifstofusviði.

Fædd í Keflavík 4. nóvember 1953. Þóra er gagnfræðingur frá Gagnfræðaskóla Keflavíkur 1970 og stundaði nám í öldungadeild Flensborgarskóla í stærðfræði og tölvu 1997-1998. Vann áður skrifstofustörf hjá Rafveitu Keflavíkur, Nóa-Siríusi, Nýborg og Vogabæ. Þóra kom til starfa hjá Siglingastofnun 1. nóvember 1998. Eiginmaður Þóru hét Ingibert Pétursson og eignuðust þau þrjár dætur.



Jóhanna Stefánsdóttir, viðskiptafræðingur á skrifstofusviði

Fædd á Hofsósi 28. janúar 1963. Stúdent frá Fjölbrotaskólanum á Sauðárkróki 1983. Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1989. Kom fyrst til starfa á Vita- og hafnamálastofnun 1983. Vann hjá Rannsóknadeild ríkisskattstjóra 1989 en kom svo aftur til starfa hjá Vita- og hafnamálastofnun í nóvember 1989. Jóhanna er gift Þorvaldi S. Þorvaldssyni, matreiðslumanni, og eiga þau tvo syni.



Gríma Sóley Grímsdóttir, starfsmaður í móttöku, skrifstofusviði.

Fædd í Reykjavík 9. júní 1974. Stúdent úr Kvinnaskólanum í Reykjavík 1994. Hóf störf hjá Vita- og Hafnamálastofnun í nóvember 1994. Gríma er í sambúð með Róberti Frey Kolbeins, þrívíddarhönnuði, og eiga þau eina dóttur.



Guðjón Scheving Tryggvason, verkfræðingur á vitasviði.

Fæddur 7. október 1951 í Vestmannaeyjum. Guðjón lauk stúdentsþrófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1971 og prófi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1976. Hóf störf hjá Vita- og Hafnamálastofnun 1976. Guðjón er kvæntur Sigrúnu Stefánsdóttur, meinatækni, og eiga þau þrjú börn.



Hlynur Skúli Auðunsson, lögfræðingur á skipasviði. Fæddur í Reykjavík 23. mars 1969. Stúdent frá Burford School & Community College, Oxford, Englandi. Útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands 1995. Áður en Hlynur Skúli kom til starfa hjá Siglingastofnun í ágúst 1998 starfaði hann sem verkefnisstjóri yfir fjármagnstekjuskatti hjá embætti Ríkisskattstjóra.

